

Alþingi, nefndasvið
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.02.2003
Tilv. 40.13
JP/gg

Efni: Frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn, 375. mál.

Landspítali - háskólasjúkrahús hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og er markmiðið með fyrirhugaðri lagasetningu að draga úr þeirri óvissu sem ríkt hefur um réttarstöðu þeirra sem vinna við björgunarstörf og slysavarnir. Er þetta nánar útlistað í frumvarpinu og telur LSH frumvarpið vera til bóta og mælir með samþykkt þess að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um gildissvið laganna og segir þar "... starfa innan viðurkenndra heildarsamtaka..." Spurt er hvað fellst í viðurkenningunni, hver veitir hana og á hvaða forsendum er slík viðurkenning veitt. Ástæða væri að kveða nánar á um þetta í lögnum.


II. Í 3. mgr. 2. gr. er skilgreining á orðinu stjórnvald. Í athugasemdum við 2. gr. er upptalning á þeim stjórnvöldum sem nú eiga hlut að björgunarmálum. Hvergi er minnst á heilbrigðisyfirvöld eða sjúkrastofnanir sem stýra meðferð slasaðra og sjúkra og sjúkraflutningum að hluta til. Í þessu sambandi má minna á þátt heilbrigðisstarfsfólks í snjóflóðunum á Vestfjörðum á síðasta áratug. Hér mætti skýra aðkomu heilbrigðisyfirvalda.

III. Ástæða er til að benda á að í 4. gr. frv. um skyldur björgunarsveita og björgunarsveitarmanna er í engu kveðið á um þjálfun á þessu sviði og að viðhalda þeirri þjálfun. Það er álit LSH að kveða þurfi nánar á um þetta atriði í lögnum.

Niðurstaða:

Frumvarp til laga um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn er til bóta og tímabært að skýra réttarstöðu björgunarsveita og þeirra sem í þeim starfa. LSH mælir með samþykkt frumvarpsins að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem að framan greinir

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri